

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum

06 312

Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Lögglustjórinn á Suðurnesjum
kt. 501106-0540
Brekustíg 39, 260 Reykjanesbær

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Lögreglan er sú stofnun þjóðfélagsins, sem hefur með höndum löggæslu í víðustu merkingu. Hlutverk lögreglu er að gæta almannaöryggis og tryggja réttaröryggi; stemma stigu við afbrotum og vinna að uppljóstran brota; greiða götu borgaranna og veita yfirvöldum aðstoð við framkvæmd starfa sinna og að halda uppi almannafriði og allsherjarreglu.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 9 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 2.585,5 milljónir og afkoma kr. 118,0 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 147,1 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 574,7 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Lögreglustjórans á Suðurnesjum í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Lögreglustjórans á Suðurnesjum fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Úlfar Lúðvíksson
Lögreglustjóri

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	2.488.974.958	2.256.600.000
Seld þjónusta	3	65.822.626	56.163.602
Framlög og ýmsar tekjur	4	2.097.294	1.553.202
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	28.600.979	21.200.888
Tekjur samtals		2.585.495.857	2.335.517.692
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	2.115.270.608	2.069.118.551
Annar rekstrarkostnaður	6	323.431.202	278.479.979
Afskriftir	7	28.600.979	21.200.888
Gjöld samtals		2.467.302.789	2.368.799.418
Afkoma fyrir fjármagnsliði		118.193.068	(33.281.726)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(197.625)	(223.103)
		(197.625)	(223.103)
Afkoma ársins		117.995.443	(33.504.829)

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður		85.897.436	65.365.471
Farartæki og vélar		61.115.296	53.159.052
Aðrar eignir		1.938.580	1.938.580
		<u>148.951.312</u>	<u>120.463.103</u>
Fastafjármunir samtals		<u>148.951.312</u>	<u>120.463.103</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		3.736.532	1.072.105
Tengdir aðilar	9	418.566.406	276.286.384
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	10	141.303	128.654
Handbært fé	11	3.306.400	1.645.469
		<u>425.750.641</u>	<u>279.132.612</u>
Veltufjármunir samtals		<u>425.750.641</u>	<u>279.132.612</u>
Eignir samtals		<u>574.701.953</u>	<u>399.595.715</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	12		
Hrein eign		147.123.470	29.128.027
		<u>147.123.470</u>	<u>29.128.027</u>
Eigið fé samtals		<u>147.123.470</u>	<u>29.128.027</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	9	18.384.114	4.516.757
Viðskiptaskuldir		24.339.476	15.310.260
Ýmsar skammtímaskuldir	13	213.451.347	210.052.367
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	14	171.403.546	140.588.304
		<u>427.578.483</u>	<u>370.467.688</u>
Skuldir samtals		<u>427.578.483</u>	<u>370.467.688</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>574.701.953</u>	<u>399.595.715</u>
Aðrar upplýsingar	15		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		117.995.443	(33.504.829)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	28.600.979	21.200.888
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(28.600.979)	(21.200.888)
		<u>117.995.443</u>	<u>(33.504.829)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(2.677.076)	2.677.524
Tengdir aðilar		(127.413.285)	4.074.771
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		12.428.196	24.922.783
		<u>(117.662.165)</u>	<u>31.675.078</u>
		<u>333.278</u>	<u>(1.829.751)</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	8	(58.100.620)	(47.498.773)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		1.327.653	356.000
		<u>(56.772.967)</u>	<u>(47.142.773)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		0	(10.557.227)
Fjárfestingarframlag		58.100.620	57.700.000
		<u>58.100.620</u>	<u>47.142.773</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		1.660.931	(1.829.751)
		<u>1.645.469</u>	<u>3.475.220</u>
		<u>3.306.400</u>	<u>1.645.469</u>
Handbært fé í árslok			

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8-15 ár
Aðrar eignir	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2021	2020
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	2.488.974.958	2.256.600.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	28.600.979	21.200.888
	<u>2.517.575.937</u>	<u>2.277.800.888</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	2.350.200.000	0	0	2.350.200.000
Fjáraukalög	28.800.000	0	0	28.800.000
Launabætur	34.200.000	0	0	34.200.000
Millifært úr varasjóð	75.774.958	0	0	75.774.958
Fjárveiting til tekna	2.488.974.958	0	0	2.488.974.958
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ...	(2.370.979.515)	0	0	(2.370.979.515)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	117.995.443	0	0	117.995.443

	2021	2020
3 Seld þjónusta		
Ýmsar þjónustutekjur	65.822.626	56.163.602
	<u>65.822.626</u>	<u>56.163.602</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur

Ýmsar tekjur	2.097.294	1.553.202
	<u>2.097.294</u>	<u>1.553.202</u>

	2021	2020
5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður		
Laun	1.737.400.563	1.643.075.892
Orlof, breyting	(18.023.710)	46.648.711
Launatengd gjöld	388.114.660	370.549.270
Starfsmannakostnaður	7.779.095	8.844.678
	<u>2.115.270.608</u>	<u>2.069.118.551</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	164,3	160,6

Skýringar

	2021	2020
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	1.750.920	1.648.627
Byggingarvörur, almennar	161.244	153.340
Byggingarvörur, aðrar	25.032	39.113
Tæki og búnaður til innréttinga	66.123	59.515
Ýmis tæki og áhöld	6.119.662	4.625.389
Varahlutir og viðhaldsvörur	925.991	1.151.144
Orkugjafar	15.256.779	13.439.241
Matvæli	14.887.698	15.413.339
Almennar rekstrarvörur	31.212.096	13.987.036
Vörukaup, almenn	70.405.545	50.516.744
Rannsóknarstofuefni	2.303.761	594.582
Kennslu- og fündurvörur	12.480	0
Ýmsar sérgreindar vörur	1.100.521	432.413
Vörukaup, sérgreind	3.416.762	1.026.995
Fundir, námskeið, risna	667.332	555.546
Ferðir, uppihald	5.518.887	3.207.934
Akstur	25.317.939	20.879.452
Sérfræðiþjónusta	13.944.107	19.911.435
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	292.672	186.821
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	966.103	1.108.760
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	7.381.987	4.924.829
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	54.089.027	50.774.777
Samningsbundin kaup og leiga	2.662.334	0
Afnotagjöld	17.377.163	15.196.908
Leigugjöld	56.985.489	52.833.606
Notkun véla og flutningatækja	315.869	867.662
Verkkaup	41.069.366	37.163.619
Kostnaðarhlutdeild	74.209.877	65.753.072
Áhættutap og bætur	122.787	251.091
Tryggingar, lögboðnar	2.464.787	3.128.799
Opinber gjöld	262.956	946.786
Tilfærslur	49.240	19.920
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	195.519.868	176.161.463
Annar rekstrarkostnaður samtals	323.431.202	278.479.979
7 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	15.157.161	11.461.905
Farartæki og vélar	11.894.348	9.701.222
Sölutap og úreltar eignir	1.549.470	37.761
	28.600.979	21.200.888

Skýringar

	31.12.2021	31.12.2020
8 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	85.897.436	65.365.471
Farartæki og vélar	61.115.296	53.159.052
Aðrar eignir	1.938.580	1.938.580
	148.951.312	120.463.103

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2021	107.263.746	99.064.605	1.938.580	208.266.931
Viðbætur á árinu	35.689.126	22.411.494	0	58.100.620
Selt/úrelt á árinu	24.488	(13.610.815)	0	(13.586.327)
	142.977.360	107.865.284	1.938.580	252.781.224
Afskriftir 01.01.2021	41.898.275	45.905.553	0	87.803.828
Afskrift ársins	15.157.161	11.894.348	0	27.051.509
Selt/úrelt á árinu	24.488	(11.049.913)		(11.025.425)
	57.079.924	46.749.988	0	103.829.912
Staða 31.12.2021	85.897.436	61.115.296	1.938.580	148.951.312

31.12.2021 31.12.2020

9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	405.695.972	251.278.417
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	12.870.434	25.007.967
	418.566.406	276.286.384

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	18.384.114	4.516.757
	18.384.114	4.516.757

10 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður	141.303	128.654
	141.303	128.654

11 Handbært fé

Sjóðir	149.655	102.155
Tékkareikningar	3.156.745	1.543.314
	3.306.400	1.645.469

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 31,2 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

Skýringar

12 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2021	31.12.2020
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	29.128.027	62.634.430
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	0	(1.574)
Afkoma ársins	117.995.443	(33.504.829)
Jöfnuður 31.12.	<u>147.123.470</u>	<u>29.128.027</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Af eigið fé stofnunarinnar eru kr. 0,0 milljónir sem eru bundið eigin fé, þ.e. ráðstöfun þess er ekki heimil nema heimild til þess verði veitt í fjárlögum.

	31.12.2021	31.12.2020
13 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	191.439.186	209.462.896
Ógreidd laun	21.727.352	0
	<u>213.451.347</u>	<u>210.052.367</u>

14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2021	31.12.2020
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	148.951.312	120.463.103
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	22.452.234	20.125.201
	<u>171.403.546</u>	<u>140.588.304</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2021	120.463.103	20.125.201	140.588.304
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	59.100.000	59.100.000
Bókfært verð seldra eigna	(1.011.432)	1.011.432	0
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna		316.221	316.221
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	58.100.620	(58.100.620)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(28.600.979)	0	(28.600.979)
	<u>148.951.312</u>	<u>22.452.234</u>	<u>171.403.546</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2021 munu kr. 25,5 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

Skýringar

15 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði til allt að ársloka 2030 og þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa til næsta árs. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 57,6 milljónum og vegna þjónustusamninga kr. 13,0 milljónum.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.